

Söley
Bókauígáfan Kópur.
Kópavogur, 2011.
Prentun: Prentækni.
ISBN: 978-9935-9035-0-1

Tómas hafði nýlökð við lögræðiþróf frá háskólanum með óvenju góða einkunn. Hann hafði ekki enn gert það upp við sig hvort hann setti á stofn lögræðisáskrifstofu eða ynni hjá öðrum eða sækti um sýslumannstöðu einhvers staðar úti á landi. Það voru engar lausar stöður við hæstarétt í nánustu framtíð en vissulega gæti verið gott að hafa þann möguleika á bak við eyrað. Annars voru þessar stöður nær alltaf veittar pólitískt og því ekki á vísan að róa í þeim efnum. Hann taldist hvorki af göfugri ætt né valdamikilli svo að það gat verið til lítils að vonast eftir því. Ef hann ræki einkastofu gæti hann sótt og varið mál fyrir hæstarétti og í undirrétti. Það eru oftast innheimtustörf og skilnaðarmál sem koma til kasta lögmanna á einkastofu og annað í þeim dúr sem gefur ofast vel af sér en geta oft orðið afsprymuleiðinleg og allt að því mannskemmaði þegar verst lætur. Sumir verða sýslumenn og eru það alla ævi, semnllega getur það verið gott embætti. Hvernig væri það að prófa að vera sýslumaður úti á landi í nokkur ár, ætli að það væri ekki hæðarleikur að hætta og gerast lögmundur í höfuðborginni? Stundum þurftu sýslumenn að ferðast við erfiðar aðstæður úti á landi á hestbaki, skíðum eða bá, hann hafði ekki mikla löngun til að standa í silku. Ætli það væri ekki farsælast að stefna á einkastofuna? Hann ákvað það að jafna sig vel eftir átökin við prófið, hann hafði ásamt fleirum haldið hressilega upp á það. Annars átti hann vísu sem fulltrúi hjá hæstaréttarlögmanni og semnllega væri best að hefja störf þar sem fyrst til að æfa sig. Kannski var enginn munur á því hvar maður væri semnllega allt sama pappírsvinnan?

Tveim dögum áður en hann mætti þar til vinnu að þá var hann boðaður í dómsmálaráðuneytið og hélt hann samtundis þangað. Ekki gekk hann fyrir ráðherrann en þó fyrir fulltrúa hans. Það hringdi úrsérnginn sýslumaður utan aflandi og það okkur um að senda sér ungan mann og duglegan til að rannsaka mannhvarf í afskekktu krummaskuð sem ekki er fært til nema á sjó á þessum tíma árs. Það er komið vor og miklar leysingar og þarna eru allar ár óbrúðar og þar með óferar öllum nema fuglinum fljúgandi, sagði embættismaðurinn. Hvernig kemst ég þangað? Það veit ég ekker um, þú verður að kynna þér það ef þú tekur verknið að þér, svaraði embættismaðurinn svolítið atundinn. Var ekki þarna tækifærið að kynnast því hvernig það væri að vera sýslumaður úti á landi? Einnitt, ég fæ að vita allt um það hjá þeim úrsérngena. Ég tek það að mér, ef tilvonandi vinnuveitandi minn er því samþykkur. Láttu mig vita fyrir fimm í dag og komdu svo á morgun. Tilvonandi vinnuveitandi gaf jáyrið sitt samtundis og hló. Þú kaupstaðagemlingurinn hefur goft af því að herða búkinn við erfðar aðstæður. Hann hringdi í þann úrsérngena og fékk uppefið nafn þess horfna og heimilisfang. Hann var heimilisfastur í höfuðstaðnum og átti heima skammt frá honum. Nú fór þetta að verða dálítið áhugavert, hvað var þessi maður að þrælast í afskekktu byggð úti á landi? Þá var næst að fara á hans heimili og vita hvers hann yrði vísari.

Byr hér maður að nafni, Sigurjón Hannes Gissurarson? Hann bjó hér, en það hefur ekker til hans spurst í þrjá fjóra mánuði, svaraði maður sem kom til dyra og gat verið faðir þess horfna. Hann horfði afar tortryggnum augum á gestinn. Sennilega er ég ekki velkomin. Ert þú skyldur Sigurjóni? Já, ég er faðir hans, hvers vegna spyrð þú? Mér var falið að rannsaka hvarfð. Já, hann var í einhverjum firði síðast þegar til hans spurðist, er nokkuð annað en að fara og kanna hvað varð af honum þar? spurði Gissur hryssinglega. Það kemur að því en hvað var hann að gera þarna? Það veit ég ekker um, svaraði Gissur og leit reiðilega á gestinn. Hvað gerði sonur þinn áður en hann fór úr bænum? Hvað kemur það þessu máli við? Tómas ákvað að spyrja einskis meir hann taldi sig ekki þurfa þess. Ég kem kannski seinna áður en ég fer úr bænum, sagði hann. Ég kæri mig ekker um hnyáni þína, svaraði Gissur reiðilega.

Hér virðist vera eitthvað óhreint mjöl í pokahorrinu og því best að fara á skrifstofu lögreglustjóra og fá upplýsingar um þennan mann, ég þekki fólk þar og því ætti allt að ganga greiðlega. Er hann Dóri við? spurði Tómas stúlkuna í

afgreiðslunni. Já, hvert er nafn þitt? Tómas Jónsson. Gakktu þá bara inn til hans hann er innstur í ganginum. Nei, sæll Tommi, eða er það kannski móðgun að kalla þig Tomma eftir að hafa lokið prófi? spurði Dóri brosandir út að eyrum. Nei, nei, svo er alls ekki, komdu sæll. Ég gleymdi að óska þér til hamingju, en hvað er þér á höndum? Talkt kærliga fyrir, kæri vin, en ég kem hér til að fá upplýsingar um mann sem er horfinn. Já, er það Sigurjón H. Gissurarson? Já, sá er maðurinn. Já, ef hann er dauður þá var það mannslát en ekki mannskaði, sagði Dóri glottandi. Já, er það svo. Já, hann var nýkominn út úr tukthúsi og við grunum hann um að hafa brotist inn og stolið talsverðu afreiðu fé og látið sig svo hverfa. Hver fór að spyrja fyrir um hann? Lögreglan, fólknið hans leitir ekki til lögreglunnar það get ég fullvissað þig um. Mér fannst það líklegt áðan þegar ég kom þar. Það veit ekki neitt og vaðamal að það kæri sig um að vita nokkuð. Já, en hvernig fréttist af honum þarna? Nú það var haft samband við sýslumenn og þeir við hreppstjórana hver í sinni sýslu og þannig hafðist upp á honum en hann kallaði sig Jón Hansen á þessum slóðum en þetta er örugglega sami maðurinn, ég lét þig hafa mynd af honum og aftekastrá hans. Fint. Þetta allt liggur frammi í afgreiðslunni og það verður örugglega tilbúið fyrir hádegi á morgun. Talkt fyrir, kærliga. Þeir stóðu upp og kvíddust með handabandi. Komdu heim til mín þegar þú kemur aftur, hér er ekker hægt að tala saman, sagði Dóri brosandir. Ég geri það. Þannig er það, sennilega er mannskrattinn ekki dauður, heldur einhvers staðar í félum á afskekktum sveitabæ. Önytingur og þjófur á flótta undan réttvisinni. Það getur verið örðugt að finna slíka skálka en þó er það líklegt að þrátt fyrir að fólk á þessum slóðum átti sig ekki á honum í fyrstu að þá segir það til hans þegar það verður búið að fá nóg af honum og einkum ef hann kemur engum að gagni. Þetta fólk er sagt mjög gestrisið en fátækt svo að það getur ekki haldið uppi önytingu í langan tíma, verður svo fluttur hreppaflutningi á sína heimasveit sem er höfuðstaðurinn. Kannski hefur hann flúið þlassið vegna yfir volandi flutnings í tukthúsið? Hann kveið fyrir þessum starfa og hann spurði sjálfan sig að því hvort hann hefði valið sér rétt starf? Þó þóttist hann finna að hann mundi leysa það óaðfinnanlega afhendi.

Daginn eftir fór hann í ráðuneytið og lét þar vita af ákvörðun sinni og fékk um leið nafnið á þeim úrsérngena sýslumanni. Skildi Pálsson hét hann. Hann hringdi í hann og spurðist fyrir um ferðir þangað. Það er nýbúið að moka og það kemur hingað vöruflutningabíll einu sinni í vikunni, hann tekur farþega og hafðu

samband við hann og þarftu far í tíma, sagði hann. Hann hélt strax til fundar við blístjórann og það var eitt seeti laust, þvílík heppni annars hefði hann orðið að bíða í rúma viku. Þar næst fór hann og sótti göggin um Jón Hansen eða hvað hann hét og leit yfir þau þegar hann kom heim. Sigurjón Hannes Gissurarson, Jón Hansen innan sviga. Tíu sinnum dæmdur fyrir þjófnað, einu sinni kærður fyrir að reyna að taka unga stúlku undir sextán ára aldri án vilja hennar svo var upptalning á ýmsum ókryttum eins og lygun og svikum, oftaast atvinnulaus, ónyfjungur, síðast leitað af lögreglu vegna innbrots og þjófnaðarmáls. Þetta var innihald skýrslunnar sem var upp á tvær síður þétt skrifaðar. Langhundur þessi maður getur tæpast verið á lífi á þessum harðþýla stað nema að vera í skjóli einhvers heimamanns eða konu. Myrtur? Tæpast. Fólkið á þessum stöðum var sannkristið en líklegast var að þegar hann átti að fara að gera eitthvað að þá hefðu hann læst burt eitthvað annað og þá líklegast orðið úti, því það þarf kunnuga til að ferðast á svona varhugaverðum slóðum. Sennilega liggur hann undir snjó einhvers staðar. Sekur maður flýr þó enginn elti. Haf hann gerst ágengur við konur og daetur manna þarna að þá kann hann að hafa ástæðu til að læðast burt þegar átt hefur að flýja hann hreppafutningi heim í tuktúsið. Já, það er best að hætta þessum vangaveltum því hið sanna kemur í ljós þegar hann kemst á vettvang. Best að heyrta ált gamla stýslumannsins áður en hann fer á staðinn.

Hann tók með sér skrifbökk og skrifæri og búnt af löggiltum skjalapappír og svo skjólfatnaður regnkápa og stígvél, vettlingar, fern þör af sokkum, tvær ullarpeysur, tvennar buxur sem notaðar eru að vetri til og lambhúshetta, síðar nærbuxur úr ull og skyrta, átti aðeins eitt strykki af hvortu og síðast gærnuúpa, íslensk framléiðla fyrra góð flík. Þessu kom hann í eina tösku og sjóþoka. Með þetta mætti hann á stöðina um hálf átta á miðvikudagsmorgni. Blístjórinn tók farangurinn hans og lét hann affast og lokaði. Hann fór inn í bílinn og fékk sér sæti aftast og út við glugga. Farþegarnir komu hver af öðrum og voru það nær eingöngu konur allar um tvíngt og virtust þekjast vel. Hann heyrði á tali þeirra að þær væru allar úr þorpinu og voru að koma úr skóla, grautar-skóla? Einmitt. Hann gaf sig ekkert á tal við þær, vissara að segja ekki of mikið en hlusta heldur því meir. Blístjórinn kom og settist undir stýri og ræsti vélna og ferðin var hafin. Það var allur snjór horfinn af glendi á höfuðborgarsvæðinu en enginn sjáanlegur gróður. Það var aðeins fyrsti miðvikudagurinn í maí. Blístjórinn og stúlkurnar ræddust við enda kunnug, sennilega var blístjórinn úr þorpinu. Blístjórinn vissi

að eini karlfarþeginn átti erindi í þorpið en stúlkurnar ekki. Hann hafði heyrt áður en hann lagði af stað að fá ætti mann að sunnan til að kanna mannsvarfið í stað stýslumanns sem ekki treysti sér lengur á vettvang. Rétt um hádegis komu þau að hóteli við veginn og þar var smæddur hádegis-veður og var það saltkjöt og baunir. Hann borðaði saltkjötið af bestu list en lét bauninar eiga sig. Þegar allir voru mettir var lagt af stað. Svo gat blístjórinn ekki lengur dulði forvitni sína. Ert þú á leiðinni til okkar að rannsaka mannsvarfið? spurði hann. Já. Einmitt það, hvað halda þeir þarna fyrir sunnan að hafi orðið af honum? Þeir hafa ekki hugmynd um það. Hvað hélt Skúli gamli um það? Hann tjáði sig ekkert um það þegar ég talaði við hann fyrir fáeinum dögum. En þú? Ég get ekkert tjáð mig um það, ég hef aldrei komið þarna og þekki ekkert til. Ég get frætt þig um það að þarna er fullir bæir af kvenfólki og börnum en ekkert af karlmönnum svo að það er vafasamt að þér verði hleypt til baka. Nú, hvers vegna er það? Það fórst áttæringur með allri áhöfn ellefu mönnum í nóvember í fyrra og þeir sem eftir urðu eru nú á vettúðum en fara að koma heim næstu daga. Ég vissi þetta ekki. Nei, það er kannski ekki von. Nú datt honum í hug að spyrja. Var þessi maður farþegi þinn? Já. Hvernig kom hann þér fyrir sjómi? Æi, ég veit það ekki en hann var ekki mikill fyrir mann að sjá, ég held að hann hafi ekki verið mikill garpur. Ætli að hann sé þá bara ekki í haldi hjá einhverri valkyrjunni á staðnum? Kannski en þó ætla ég að kvenþjóðin þarna þurfi örugglega menn sem meiri töggur er í en þessum. Já, ætli það ekki. Hreppstjórinn verður fyrsti maðurinn sem þú hittir þegar þú kemur á staðinn og hann á afar hugulega dóttir sem þú skalt skoða vel ef þú ert ókræntur. Já, hvað heitir hann? Sveinn Magnússon og dóttir hans heitir Sóley og er hún hans yngsta barn og af seinni hjónabandi og stúlkan sem situr við hlöðina á þér og hún eru systkinabörn. Hann leit á hana og hún kinkaði kalli til samþykkis. Svo kemur þú til með að hitta Kolbrínu Þórarinsdóttur á Engi, það er hörku kvenmaður og gerir allt sem þarf að gera og rar á sjó og eins og ég segi vinnur öll karlmannsstörf ef með þarf. Það er greinilegt. Kolla er ekki Þórarinsdóttir, sagði stúlkan sem sat í framsætinu út við gluggann. Ég er ekkert að ljóstra upp leyndarmálum, svaraði blístjórinn brosandí. Frænka átti hana með fransmanni eða spánverja sem var þarna á ferð og dvaldi hjá henni í mánuð. Hún var orðin ekkja og hann gerði við beinin á Engi sem býr að því enn. Var það bara ekki í lagi? Jú, en Kolla er ekki Þórarinsdóttir þrátt fyrir það. Nei, vissulega ekki. Hvernig eru þið skyldar? spurði Tómas. Mamma og hún eru hálf systur. Hvernig

stúlka er það? Kolbrún er ágæt, stór fin en ákalllega dul og hlédræg annars þekki ég hana lítið, svaraði stúlkan frænka hennar. Ég held að ég fáiði þér frá því að reyta hana til reiði, það er óvíst að þú réðir við hana, hún er valkyrja, sagði blístjórinn hlajandi. Það þarf ekki öflugan kvenmann í það ég er afar fríðsamur og ekkert fyrir allog eða glímu, ansaði Tómas brosandí. Svo er það Sigrún Jóhannsdóttir á Hvoli hún er lítil og nett og kannski meira við þitt hæf. Það skýldi ég ætla. Nú svo er það Kristín Eggertsdóttir á Breið, hún er ekkja og á tvo ung börn það er frænka mín við erum systrabörn það er pryðiskona en daltíð geðrík ef henni er sýnt eitthvað sem henni líkar ekki. Hvað heitir þar hreppstjórans? spurði Tómas. Bólistaður, Sóley gæti alveg verið við þitt hæf því hún er afar hlý og góð og mjög vel gefin og ég tel það synd að henni skyldi ekki komið í skóla, svaraði blístjórinn.

Sóley Sveinsdóttir, hann hafði dreynt þetta nafn um veturinn og ekkert annað kom fram, aðeins þetta nafn. Skyldi þessi stúlka verða örlagavaldur í lífi hans? Það var enginn fyrirboði um eitthvað slæmt. Hvenær kom þessi týndi maður í þorpið? spurði Tómas. Það var rétt eftir sjóslýsið, það var góð tíð og það er oft fært landleiðina snemma vetrar ef ekki gerir hálsmánaðar stórhrið eða rok ofan af fjöllum, svaraði blístjórinn. Hvað er þá, er ekki hægt að koma skíðum við? spurði Tómas. Snjóflóðahætta, jú, skíði koma að gagni ef þessi haetta er ekki fyrir hendi og hún er það ekki ef vindur stendur af haf. Hvað er lengi verið að ganga þessa leið? spurði Tómas. Ungt fólk gengur þetta á sex tímum en eldra fólk á átta, þetta er ekki fjölfarin leið, það er oftast farið sjóleiðina og er hún frekar stutt, það er helst þegar dansleikur er haldinn í þorpinu að farið er landleiðina ef ekki er sjóveður. Það var ekkert meira að hafa ferðafélagarnir vissu ekki meira enda höfðu stúlkurnar verið að heiman um veturinn. Sennilega hefur týndi sauturinn farið þessa leið og ef til vill reynt að fara til baka en orðið úti. Það var aðeins eitt sem mælti gegn þessu að með því að fara til baka var leiðin í taktíusíð. Ef hægt að fara aðra leið er byggt ból þarna nærtí? spurði Tómas. Jú, það er hægt en þá er farið með ströndinni og er oftast frekar greiðfar leið en það er sex tíma gangur og þar eru nokkrir bæir íhnapp. Já, það var þá sennilegast að maðurinn hafi farið í þá átta þvi hann var á flötta undan lögreglunni.

Sýslumaðurinn bjó í þorpinu og beið kannski komu hans með óþreyju. Stúlkurnar höfðu heyrt að allt fólkíð ætlaði að flytja burt í haust, fregnað það hjá frænkum sínum. Nú var blessað stríðinu nýlökíð og alls staðar vinnu að hafa og því betri afkoma en heima. Það voru margir ósáttir við þetta en sennilega

óþakkræmíleg þróun henni yrði aldrei smíð við og svo voru keyptir togarar sem þessir hreppar höfðu enga getu til og enga báta heldur svo að örlögin voru séð fyrir.

Það var komið miðnætti þegar komið var á leiðarenda. Honum var ekkíð heim að dyrum hjá Skúla sýslumanni sem tók vel á móti honum og Guðrún ráðskona hans hann var ekkjumaður. Eftir að hafa borðað vel var honum vísað til nængur og var hann því feginn því hann var orði ákalllega þreyttur á þessari löngu setu í bil. Hann vaknaði á sínum fótateratíma daginn eftir um áttaleytið og fór á fætur. Hann heyrði að Skúli var kominn á fætur. Hvernig swafst þú í nótt, Tómas minn? Vel, alveg eins og steinn. Gott, gjörðu svo vel að sefjast þarna við borðið á móti mér og fíðu þér matarbita. Takke fyrir. Hann virti Skúla gamla fyrir sér. Hann var ákalllega góðmannlegur á svip og hlýr í viðmóti valfálitíð gott yfirvald. Hann virtist þjást afliðagíkt og það háði honum verulega við að borða mat sinn. Hann var orðin svo til sköllóttur og það sem eftir var silfurgrát. Kynnir þú þér fortíð þessa manns syðra? Já, viltu að ég sýni þér það herna eða á skrifstofunni? Hérna unginn minn, við erum ekki svo förmföst herna en ég maeti þó alltaf klukkan níu og er þar til fimm, svaraði Skúli lágt. Hann fór og sýndi honum skjalíð. Skúli las það allt til enda. Þessi maður hefur orðið úti þegar hann fann að allir vildu losna við hann, þú skalt samt líta á þetta sem morðmál svona til vara, en farðu gætilega því byggðarlagíð er enn í sárnum eftir sjóslýsið í haust. Það er svo aftur annað mál að hver hefði átt að drepa hann því ég veit ekki til þess að Sveinn sem var heima í vetur hafði gert flugu mein um sína daga. Sveinn hreppstjóri hefði getað látið sækja manninn ef hann hefði talið það æskilegt og ég hygg að hann hefði gert það hlaklaust. Kannski hefur hann komist á snoðir um að það væri að gerast og laumast burt? Það tel ég og sennilega haldið áfram út með ströndinni. Ég ætla það einnig. Það er ekkert sjóveður í dag en það gæti orði á morgun. Sýslumaður stóð upp. Já,ja unginn minn, nú þarf ég að fara á skrifstofuna og þú kemur bara þangað ef ég get eitthvað gert fyrir þig, sagði hann. Það er þá ekki annað en að líta á það sem ég hef meðferðis og segja til um hvað vantaði, svaraði Tómas brosandí. Skúli sýslumaður tók tvo stafl og staulaðist af stað en hann var svo heppinn að skrifstofan var í sama húsinu svo að hann þurfti ekki út. Ég á eftir eitt og hálf ár í embætti unginn minn, kannski sækir þú um. Ég veit það nú ekki. Þetta er verr launað en lögmansstarf syðra en þetta er mjög rólegt, fólk löghlýðið og gott og því yndislegt að dvelja meðal þess.